

Reykjavíkurhöfn  
Jón Þorvaldsson  
Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17  
108 Reykjavík

2002020051  
0000; 9310

Reykjavík, 7. maí 2002  
/ÞFP

**Efni: Skarfagarður og Skarfabakki í Sundahöfn, Reykjavík. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Reykjavíkurhafnar að matsáætlun um Skarfagarða og Skarfabakka í Sundahöfn, Reykjavík

Skipulagsstofnun barst með bréfi Reykjavíkurhafnar dags. 15. mars 2002 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Reykjavíkurhöfn. Skarfagarður og Skarfabakki í Sundahöfn, Reykjavík. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun VST, mars 2002.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Borgarráði, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Siglingastofnun og Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur. Einnig var Árbæjarsafni, Fornleifavernd ríkisins og veiðimálastjóra kynnt að tillaga að matsáætlun væri til ákvörðunar. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Borgarráði með bréfi dags. 18. apríl 2002, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 15. apríl 2002, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 3. apríl 2002 Siglingastofnun með bréfi dags. 3. apríl 2002 og Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur með bréfi dags. 4. apríl 2002,. Skipulagsstofnun bárust svör frá framkvæmdaraðila við umsögnum með bréfi dags. 30. apríl 2002.

**NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila dags. 30. apríl 2002 og þeim athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér að neðan:

### **Hljóðvist**

Í tillögu að matsáætlun, kafla 3.2, er fjallað um samræmi framkvæmdarinnar við skipulag og í kafla 4.7. um umferð. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að gera almenna grein fyrir landnotkun, eftir því sem hún liggur fyrir, á svæði því sem myndast við landfyllingu að baki Skarfabakka. Í þeirri umfjöllun verði gerð grein fyrir langtímaáhrifum aukinnar umferðar á hljóðvist í næstu íbúðabyggð svo og hvort aukinna áhrifa á hljóðvist muni gæta á útivistarsvæðinu í Viðey. Í kafla 4.1, er greint frá því að í matsskýrslu verði fjallað um skammtímaáhrif framkvæmdanna. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi sérstaklega að gera grein fyrir skammtímaáhrifum vegna hávaða við niðurreksturs stálþils og hugsanlegum mótvægisáðgerðum þar sem ekki er ljóst hver hávaði kann að verða og hvort grípa þurfi til mótvægisáðgerða.

### **Sjólag og strandrof**

Í tillögu að matsáætlun, köflum 4.3 og 4.4 er fjallað um ölduskilyrði og strauma og fram kemur að fjallað verði í matsskýrslu um breytingar á öldu á Viðeyjarsundi og straumum í sundinu. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla um hugsanleg áhrif af breytingum á öldu og straumum á rof á strönd Viðeyjar þar sem borgaryfirvöld telja nauðsyn á því.

### **Mengunarhætta og vöktun**

Í tillögu að matsáætlun, kafla 2.2.5, er fjallað um dýpkun utan fyrirhugaðs hafnarbakka, út að nýrri innsiglingarrennu, sem er hluti dýpkunar Sundahafnar skv. úrskurði Skipulagsstofnunar dags. 19. apríl 2000. Í kafla 2.2.3, er fjallað um landfyllingu og losun dýpkunarefna í hana og í kafla 4.2 er fjallað um greiningu mengunarefna í botnseti. Skipulagsstofnun telur í ljósi umsagna heilbrigðisyrifvalda að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir niðurstöðum efnagreininga á dýpkunarefni. Þessar upplýsingar telur stofnunin að þurfi að liggja fyrir í matsvinnunni það er að segja, þær séu ein af þeim forsendum sem framkvæmdaraðili þurfi að nýta til að meta hvernig standa beri að framkvæmdinni og einnig við gerð tillögu að vöktunaráætlun við förgun dýpkunarefnis sem kynnt verði í matsskýrslu. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn samráðs við Hollustuvernd ríkisins og Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur um fjölda sýna og efni sem greina þarf.

### **Lífríki**

Í tillögu að matsáætlun, kafla 4.5, er fjallað um lífríki og kemur fram að fyrirhugað er að hefja vöktun á botndýra- og fuglalífi á Sundahafnarsvæðinu og að niðurstöður úr fyrstu greiningu botndýra og fyrstu fuglatalningu verði birtar í matsskýrslu. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í matsskýrslu verði gerð grein fyrir vöktunaráætluninni sem ofangreint byggir á, eins og fram kemur í svörum framkvæmdaraðila. Í matsskýrslu þarf að fjala um hvort og þá hvaða áhrif framkvæmdin kann að hafa á laxagöngur.

#### **Aðrir kostir**

Í tillögu að matsáætlun kafla 2.5.2 er fjallað um aðra kosti í staðsetningu viðlegukants fyrir stór skip í stað Skarfabakka og í kafla 2.5.3 er fjallað um aðra kosti í ölduvörnum Sundahafnar í stað Skarfagarðs. Í tillögu að matsáætlun er ekki ljóst um hvaða aðra kosti er að ræða. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að koma skýrt fram hvort um sé að ræða kosti sem koma til greina sem valkostir og fjalla þá um umhverfisáhrif þeirra og bera saman við valkost framkvæmdaraðila þ.e. Skarfagarð og Skarfabakka. Ef kynntir eru kostir sem framkvæmdaraðili telur ekki koma til greina sem valkosti þarf að rökstyðja þá niðurstöðu.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Póroddur F Póroddsson

Afrit: Borgarráð, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Siglingastofnun og Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur.